

Alþingi
Erindi nr. P 131/1794
komudagur 3. 5. 2005

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2005.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum – 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 1066 – 708. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í frumvarpinu er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að veita fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til verðbréfavíðskipta eða skipulegum verðbréfamarkaði starfsleyfi til að starfrækja markaðstorg þar sem fram fara kerfisbundin víðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Í frumvarpinu koma fram reglur um starfsemi slíkra markaðstorga, þ.m.t. ábyrgð stjórnar markaðstorgs á því að setja reglur um starfsemi þess. Við mótnun reglna frumvarpsins er höfð hliðsjón af reglum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga sem fjallar um markaðstorg.

Markmiðið með frumvarpinu er að koma á fót vettvangi fyrir víðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Nokkrar ástæður eru nefndar fyrir því að settar séu reglur um þessa tegund markaða.

Laganefndin telur að það sé til bóta að settar séu í lög reglur sem gilda um víðskipti með verðbréf sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Laganefndin bendir hins vegar á að með skráningu fyrirtækis á markaðstorgi þá verður víðkomandi fyrirtæki útboðsskyld á grundvelli ákvæða IV. kafla verðbréfavíðskiptalaga nr. 33/2003 um almenn útboð, enda geti fyrirtækið ekki reitt sig á einhverja af þeim undanþágum sem þar koma fram. Samkvæmt gildandi lögum verður ekki betur séð en að útboðsskylda verði virk um leið og víðskipti hefjast með bréf víðkomandi fyrirtækis á markaðstorgi. Ekki er með beinum hætti fjallað um þessa afleiðingu skráningar á markaðstorgi í frumvarpinu, og telur Laganefndin mikilvægt að hugað sé að samspili reglna verðbréfavíðskiptalaga og kauphallalaga í þessu sambandi.

Að öðru leyti gerir nefndin ekki sérstakar athugasemdir við efni ofangreinds frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður